

**Nd.**  
um fjárhagsráð.

**608. Frumvarp til laga**

[202. mál]

Flm.: Emil Jónsson.

**I. KAFLI**

**Skipun og starfssvið fjárhagsráðs.**

**1. gr.**

Ríkisstjórnin skipar 5 manna nefnd, er nefnist fjárhagsráð. Hlutverk þess er að samræma framkvæmdir einstaklinga og almannavaldsins, meðan hinar miklu framkvæmdir í íslensku atvinnulífi standa yfir, þannig, að þær verði gerðar eftir fyrir fram saminni áætlun fjárhagsráðs, er ríkisstjórnin staðfestir.

**2. gr.**

Verkefni fjárhagsráðs skal vera:

1. Að gera heildaráætlun um innflutning og útflutning hvers árs, magn og verðmæti, og annast úthlutun gjaldeyris- og innflutningsleyfa.
2. Að gera áætlun um fjárfestingu og verklegar framkvæmdir, annast veitingu fjárfestingarleyfa og hafa umsjón með framkvæmd áætlunarinnar.

3. Að ákveða skömmtun, hvaða vörutegundir skuli skammtaðar, hve mikið af hverri, og hafa umsjón með framkvæmd.
4. Að hafa eftirlit með verðlagi.
5. Að hafa eftirlit með gjaldeyrisskilum og gjaldeyrisnotkun.
6. Að fylgjast nákvæmlega með framkvæmd verzlunarsamninga við erlend ríki, skrásetja öll innflutnings- og gjaldeyrisleifi, fylgjast með afgreiðslu þeirra í bönkum og innflutningi þeirra vara til landsins, sem leyfin eru gefin út fyrir.
7. Að ráðstafa, ef nauðsyn þykir bera til, farmrými í skipum, er annast eiga vöruflutninga til landsins, og eru eign íslenzkra aðila, eða á vegum þeirra.

### 3. gr.

Fjárhagsráð miði störf sín við eftirfarandi:

1. Að öll framleiðslugeta sé hagnýtt til fulls og öllum verkfærum mönnum tryggð næg og örugg atvinna.
2. Að öllum vinnandi mönnum, og þó sérstaklega þeim, er stunda framleiðsluvinnu til sjávar og sveita, séu tryggðar réttlátar tekjur fyrir vinnu sína, en komið í veg fyrir óeðlileg sérréttindi og spákaupmennsku.
3. Að neytendur eigi kost á að kaupa neyzluvörur sínar og framleiðendur rekstrarvörur sínar á hagkvæmasta hátt og vörukaup til landsins og vörudreifing innanlands gerð eins ódýr og frekast er unnt.
4. Að áframhald verði á öflun nýrra og fullkominna framleiðslutækja til landsins, eftir því sem gjaldeyrisástæður og vinnuafli leyfir frekast, enda verði tryggt fé til framkvæmdanna jafnóðum.
5. Að byggðar verði verksmiðjur og iðjuver til þess að vinna sem mest og bezt úr öllum framleiðsluvörum til lands og sjávar, þannig, að þær séu seldar úr landi eins fullunnar og frekast er kostur og við staðsetningu verksmiðjanna verði tekið tillit til hvors tveggja í senn, framleiðsluskilyrða og atvinnuþarfa einstakra byggðarlaga.
6. Að bæta starfsskilyrði iðjuvera, sem framleiða vörur, er spara þjóðinni gjaldeyri.
7. Að atvinnuvegir landsmanna verði reknir á sem hagkvæmastan hátt og á arðbærum grundvelli og stöðvist ekki vegna verðbólgu og dýrtíðar.
8. Að húsnæðisskort og heilsuspillandi íbúðum, hvar sem er á landinu, verði útrýmt með byggingu hagkvæmra íbúðarhúsa.

### 4. gr.

Fjárhagsráð starfrækir 5 deildir:

1. Fjárfestingardeild.
2. Innflutnings- og gjaldeyrisdeild.
3. Skömmtunardeild.
4. Verðlagsdeild.
5. Gjaldseyriseftirlits- og hagfræðideild.

Skal hver fjárhagsráðsmaður hafa umsjón með starfi einnar deildar. Verkefni deilda þessara er að fara með þau störf, sem nefnd eru í 2. gr.

### 5. gr.

Viðskiptamálaráðherra hefur yfirstjórn fjárhagsráðs. Þó skulu ákvarðanir um öll höfuðatriði bornar undir ríkisstórnina í heild til samþykktar. Viðskiptamálaráðherra sker einnig úr um ágreiningsmál, sem einhver fjárhagsráðsmaður skýtur til hans.

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um skipan, stjórn og starfssvið hinna einstöku deilda fjárhagsráðs, að fengnum tillögum þess.

## II. KAFLI Um fjárfestingu.

### 6. gr.

Til hvers konar fjárfestingar einstaklinga, félaga og opinberra aðila, hvort sem er til stofnunar nýs atvinnurekstrar, til aukningar á þeim, sem fyrir er, húsbygginga eða annarra mannvirkja, þarf leyfi fjárhagsráðs.

Þó skal ákveðið í reglugerð, að tilteknar minni háttar framkvæmdir séu heimilár án fjárfestingarleyfis. Nánari ákvæði um fjárfestingarleyfi séu sett í reglugerð.

### 7. gr.

Fjárhagsráð leitar samvinnu um samning heildaráætlunar við opinberar stofnanir, félög og einstaklinga, sem framleiðslu, verzlun, iðnað eða annan atvinnurekstur hafa með höndum, er fjárfestingu þarf til. Skulu þessir aðilar senda fjárhagsráði fyrir þann tíma, er það ákveður, áætlun um stofnfjárförf sína, lánsfjárförf, gjaldeyrisspörf og vinnuafllspörf.

Enn fremur skal fjárhagsráð hafa samvinnu við lánsstofnanir í landinu um samningu og framkvæmd fjárfestingaráætlunar, og ber þeim að skýra fjárhagsráði frá fjármagni því, er þær hafa yfir að ráða. Nú telur fjárhagsráð eigi nægilega séð fyrir fjárförf fyrirtækja, er það telur nauðsyn til að stofnsetja, og skal það þá leita samvinnu við ríkisstjórn, lánsstofnanir og aðra aðila, er hlut gætu átt að máli, um fjáröflun til þessara fyrirtækja.

### 8. gr.

Jafnhliða því, sem fjárhagsráð semur áætlun þá um heildarframkvæmdir, er áður greinir, skal það og gera sérstaka áætlun um framkvæmdir ríkisins, áður en fjárlög eru samin ár hvert, og sé við samningu þeirrar áætlunar, er ríkisstjórnin og Alþingi geti haft til hliðsjónar, stefnt að því að tryggja landsmönnum öllum næga atvinnu, en koma jafnframt í veg fyrir ofpenslu.

### 9. gr.

Fjárhagsráð skal beita sér fyrir samvinnu atvinnurekenda og verkamanna um bættu aðstöðu verkafólks á vinnustöðum, betri hagnýtingu vinnuaflls og aukin vinnuafkköst.

Fjárhagsráði er heimilt að leggja fyrir vinnumiðlunarskrifstofur landsins að láta fara fram skrásetningu verkafólks almennt eða í einstökum starfsgreinum á þeim tíma og eftir þeim reglum, er fjárhagsráð ákveður.

## III. KAFLI Um innflutning og gjaldeyrismeðferð.

### 10. gr.

Engar vörur má flytja til landsins nema að fengnu innflutnings- og gjaldeyrisleifyi, eða innflutningsleyfi eingöngu. Frá þessu getur fjárhagsráð gefið undanþágu með auglýsingu, að fengu samþykki viðskiptamálaráðuneytisins.

### 11. gr.

Verkefni innflutnings- og gjaldeyriseildar skal vera að úthluta öllum gjaldeyriss- og innflutningsleyfum. Skal sú úthlutun jafnan fara fram eftir ákvörðun ráðsins, sem ákveður, hve hárrí fjárhæð skuli úthluta hverju sinni fyrir hvern flokk, og einnig eftir þeim reglum um úthlutunina, sem settar eru hverju sinni af ráðinu. Höfuðreglan, sem fara skal eftir við úthlutun leyfanna, skal vera að láta þá sitja fyrir innkaupum, sem geta sýnt fram á, að þeir geti keypt vöruna og komið

henni til neytandans við ódýrasta verði, í þeim vöruflokkum, þar sem hægt er að koma við gæðasamanburði. Í öðrum vöruflokkum skal veita 75 % af innflutningum til þeirra innflytjenda, er áður hafa annazt hann, og í sömu hlutföllum og þeir hafa haft næstu 3 ár á undan (meðaltal), en hinum 25 % skal úthluta annaðhvort til viðbótar á sama hátt eða til að greiða fyrir nýjum innflytjendum eða til að jafna óeðlilegan mismun að dómi fjárhagsráðs. Við úthlutun leyfanna skal enn fremur að því stefnt, að vörudreifingin um landið verði sem jöfnust, miðað við þarfir á viðkomandi stað og heildarinnflutning til landsins í hverjum vöruflokki. Innflutnings- og gjaldeyrisleyfi skal yfirleitt ekki veita, nema fyrir liggi upplýsingar um verð vörunnar, og þá fyrir ákveðnu magni fyrir ákveðið verð. Skal einn fulltrúi annast allar leyfisveitingar í ákveðnum flokkum, en gefa daglega skýrslur til ráðsins og gjaldeyriseftirlits- og hagfræðideildar, bæði um, hverjum leyfin eru veitt, fyrir hvaða vörutegund og fyrir hvaða upphæð. Skal ráðið á þann hátt fylgjast með, að settum reglum um úthlutun leyfa sé fylgt, en hagfræðideild annast skráningu leyfanna.

#### 12. gr.

Engan gjaldeyri má láta af hendi án leyfis innflutnings- og gjaldeyrisdeildar, nema greiðslur vegna ríkissjóðs og banka eða vexti og afborganir bæjar- og sveitarfélaga. Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h.f. hafa einir kauprétt á erlendum gjaldeyri.

Þeim gjaldeyri, sem bankarnir kaupa, skal skipt milli Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands h. f., þannig, að hinn síðarnefndi fái einn þriðja gjaldeyris, ef hann óskar, fyrir innkaupsverð, hlutfallslega af hverri mynt, sem keypt er á mánuði hverjum. Hlutfalli því, er hvor banki fær, getur ráðherra breytt, ef báðir bankarnir samþykkja. Enginn hefur rétt til að selja erlendan gjaldeyri nema Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h.f. Þó er pósthjórnninni heimil slík verzlun innan þeirra takmarka, sem ráðuneytið setur.

Ef gjaldeyrisleyfi hafa á einhverjum tíma verið veitt fyrir hærri upphæð en þá er til í erlendum gjaldeyri, skal ákveða af nefnd — millibankanefnd, í hvaða röð leyfin skuli afgreidd, og er þá óheimilt að afgreiða þau í annarri röð.

Ráðherra skipar millibankanefnd þannig, að einn er skipaður í nefndina samkvæmt tilnefningu hvors banka og einn án tilnefningar.

Ráðherra setur með reglugerð fyrirmæli til tryggingar því, að íslensk útflutningsverðmæti verði greidd með erlendum gjaldeyri, er renni til bankanna; enn fremur ákvæði um það, að allur annar gjaldeyri, sem menn eiga eða eignast, renni til þeirra.

#### 13. gr.

Af andvirði útflutnings hvers árs skal jafnan verja eigi minna en 15 % eingöngu til kaupa á framleiðslutækjum og til annarrar nýsköpunar í atvinnulífi þjóðarinnar.

#### 14. gr.

Hver sá, sem innflutningsleyfi eða gjaldeyrisleyfi fær, greiði fjárhagsráði 1 % af fjárhæð þeirri, sem leyfið hljóðar um, þó aldrei minna en 1 krónu fyrir hvert einstakt leyfi. Skal gjaldi þessu varið til að standast kostnað af fjárhagsráði og framkvæmd þessara laga.

Leyfisgjaldið greiðist við afhendingu leyfanna.

#### 15. gr.

Á meðan skömmun á nauðsynjavörum er talin óhjákvæmileg að dómi fjárhagsráðs, skal leitazt við að sjá um, að hæfilegar birgðir af skömmunarvörum séu jafnan fyrirbyggjandi í landinu. Skal það gert á þann hátt að ákveða fyrst um sinn innflutningsmagn þessara vörutegunda nokkru herra en skömmunarvöru-

magnið. Við veitingu innflutnings- og gjaldeyrisleyfa fyrir þessum skömmtunarvörum skal síðan taka tillit til, hvaða innflytjendur hafa mesta sölu, og veita þeim leyfin fyrst og fremst, innan þeirra takmarka, sem 11. gr. setur.

#### IV. KAFLI Um skömmtun.

##### 16. gr.

Skömmtunardeild skal hafa með höndum framkvæmd vöruskömmtunar og eftirlit með henni og öðrum takmörkunum á sölu, dreifingu og afhendingu vara, sem ákveðnar verða á hverjum tíma.

#### V. KAFLI Um verðlag.

##### 17. gr.

Verðlagsdeild skal hafa með höndum eftirlit með öllu verðlagi og skal miða verðlagsákvæðanir við þörf þeirra fyrirtækja, sem hafa vel skipulagðan og hagkvæman rekstur. Hefur verðlagsdeildin í samráði við ráðið, bæði að sjálfsdáðum og fyrirlagi ráðsins eða ráðuneytisins, vald og skyldu til að ákveða hámarksverð á hvers konar vörum og verðmæti, þar á meðal hámark álagningar, umboðslauna, þóknunar, og annarra kostnaðarliða, sem máli skipta um verðlag í landinu. Deildin getur einnig í samráði við ráðið ákveðið göld fyrir flutning á landi, sjó og í lofti, þar með talin farmgjöld og afgreiðslugjöld, enn fremur greiðslur til verkstæða og annarra verktaka fyrir alls konar verk, svo sem pípu- og raflagningar, smíðar, málingu og veggfóðrun, saumaskap, prentun og því um líkt. Þá getur deildin með sama hætti ákveðið hámarksverð á greiðasölu, veitingum, fæði, snyrtingu, fatapressun og aðgöngumiðum að almennum skemmtunum og öðru slíku. Ákvæði þessara greina taka ekki til vörutegunda, sem verðlagðar eru samkvæmt sérstökum lögum, né til vöru, sem seld er úr landi, eða launa fyrir verk, sem ákveðin hafa verið með samningum stéttarféлага.

##### 18. gr.

Þeir, sem með verðlagseftirlit fara samkvæmt lögum þessum, geta krafist hvern sem er allra þeirra upplýsinga, skýrslna og annarra gagna, er þeir telja nauðsynleg í starfi sínu.

##### 19. gr.

Sala á vörum milli heildverzlana innbyrðis eða smásöluverzlana innbyrðis (keðjuverzlun) er bönnuð, nema slík verzlun sé gerð án álagningar eða heildarlagning vörunnar sé innan þeirra takmarka í heildsölu og smásölu, sem heimilað er. Bannað er að halda vörum úr umferð í því skyni að fá hærri verzlunarhagnað af þeim síðar.

##### 20. gr.

Allar verðlagsákvæðanir skulu birtar þegar í stað, og ganga þær í gildi jafnskjótt og gilda þar til öðruvísi er ákveðið. Ákvarðanir skulu birtar á þann hátt, að þær verði kunnar almenningi á því, verðlagssvæði, er þær ná til.

##### 21. gr.

Eftir gildistöku þessara laga má verðlag ekki hækka á neinu því, sem háð er verðlagseftirliti samkvæmt 17. gr., nema með leyfi verðlagsdeildar. Bann þetta gildir þó ekki um vörur, sem verðlagðar eru samkvæmt gildandi verðlagsákvæðum.

## VI. KAFLI

### Um gjaldeyriseftirlit, skýrslusöfnun o. fl.

#### 22. gr.

Gjaldeyriseftirlits- og hagfræðideild skal hafa umsjón með, að allar gjaldeyris-tekjur komi til skila, enda skylt að tilkynna henni allar sölur úr landi og gjaldeyrisöflun, hvers kyns sem er. Hún skal fylgjast með öllum duldum greiðslum og tekjum, eftir því sem við verður komið, og hafa eftirlit með því, að gjaldeyrisleyfi séu notuð á réttan hátt.

#### 23. gr.

Gjaldeyriseftirlits- og hagfræðideildin skal enn fremur annast skýrslusöfnun fyrir ráðið og deildir þess. Hún skrásetur allar leyfisveitingar, yfirlýsingar og innflutning. Hún fylgist með framkvæmd verzlunarsamninga, gjaldeyrisforða banka-anna, gjaldeyrisöflun og birgðum, bæði af framleiðsluvörum og innfluttum varningi. Deildin vinnur að áætlunargerðum og undirbýr verzlunarsamninga.

## VII. KAFLI

### Ýmis ákvæði.

#### 24. gr.

Enga vöruskiptasamninga (kompenstationsviðskipti) má fjárhagsráð leyfa, utan verzlunarsamninga, nema með samþykki viðskiptamálaráðuneytisins og utan-rikisráðuneytisins.

#### 25. gr.

Fjárhagsráðsmönnum og starfsmönnum þess er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atriðum, er þeir verða áskynja um af skýrslum þeim, sem látnar eru í té samkvæmt lögum þessum, að því leyti sem þau varða einstaka menn eða einstök fyrirtæki.

#### 26. gr.

Hver sá, er vanrækir að láta fjárhagsráði, deildum þess eða embættismönnum þeim, sem þessir aðilar til þess setja, í té skýrslur þær, sem honum er skylt að gefa samkvæmt ákvæðum laga þessara, skal sæta 20 — 200 kr. dagsektum. Sá, sem gefur sömu aðilum rangar skýrslur, skal sæta refsingu samkvæmt ákvæðum 15. kafla almennra hegningarlaga.

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum allt að 200 þús. kr. Ef miklar sakir eru eða ef brot er ítrekað, má svipta sökunaut atvinnurétti um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

#### 27. gr.

Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði, að svo miklu leyti sem tekjur fjárhagsráðs hrökkva ekki til. Ef tekjuafgangur verður, rennur hann í ríkissjóð.

#### 28. gr.

Fjárhagsráð hefur rétt til þess að ráða sérfræðinga og annað starfsfólk í þjónustu sína.

#### 29. gr.

Með reglugerð setur ráðherra nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

#### 30. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

### 31. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

### Greinargerð.

Fjárhagsráðslögin hafa nú verið í gildi hátt á annað ár, og hefur því þegar fengizt nokkur reynsla um þau í framkvæmd.

Dómarnir um þessi lög og framkvæmd þeirra hafa, eins og vænta mátti, verið ærið misjafnir. Sumir hafa haldið því fram, að innflutnings- og gjaldeyris-málin hafi aldrei verið í slíku ófremdarástandi sem nú, síðan fyrst voru hér teknar upp innflutnings- og gjaldeyrisráðstafanir árið 1931. Aðrir hafa aftur á móti bent á, að á árinu 1948, sem er fyrsta heila árið, sem þessi lög komu til framkvæmda á, hafi í fyrsta sinn um allangan tíma tekizt að koma á nokkurn veginn jöfnuði í gjaldeyrisviðskiptunum við útlönd, enn fremur, að sú tilraun, sem gerð hefur verið til þess að koma á eftirliti með fjárfestingu í landinu, hafi verið nauðsynleg og þörf og gefið góða raun.

Á það má og líta, að um það leyti er fjárhagsráð hóf störf sín, var gjaldeyrisforði bankanna að mestu til þurrðar genginn, og varð því að gera róttækari ráðstafanir en menn höfðu áður vanizt, til þess að gjaldeyristekjurnar nægðu fyrir gjöldunum, ef ekki áttu að safnast skuldir erlendis. Þessar nauðsynlegu og óumflýjanlegu ráðstafanir, svo sem mjög aukin takmörkun á innflutningi neytluvarnings, áður óþekkt takmörkun á leyfum til fjárfestingar, allströng vöruskömmtun o. fl., voru vitaskuld, eðli sínu samkvæmt, ekki vel fallnar til þess að afla fjárhagsráðslögunum og framkvæmd þeirra fylgis eða formælenda.

Með frumvarpi því, er hér liggur fyrir, verður ekki gerð tilraun til að draga úr þessum ráðstöfunum, heldur aðeins til að nema burtu nokkra agnúa, er komið hafa í ljós. Þessir agnúar eru:

1. Skipting innflutningsins milli innflytjenda hefur ekki verið framkvæmd eftir föstum reglum og hefur þótt um of handahófskennd og óákveðin.
2. Yfirstjórn fjárhagsráðs hefur þótt um of seinvirk og hefur ekki getað fylgzt daglega með störfum þess. Sambandið milli hinna einstöku deilda ekki nægilega mikið og ekki nógu traust.
3. Framkvæmd laganna hefur þótt of dýr.

Skipting innflutningsins milli innflytjenda hefur lengi verið þrætuepli. Hafa aðallega verið uppi um þessa skiptingu tvær tillögur, „kvóta“-reglan og „höfðatölu“-reglan. Samkvæmt fyrri reglunni skyldi skipta innflutningnum eftir meðaltalsinnflutningi aðilanna á undanförunum árum og lítið eða ekki frá þeirri reglu hvika. Samkvæmt hinni reglunni skyldi fyrst og fremst farið eftir áætluðum fjölda viðskiptamanna og innflutningnum skipt í hlutfalli við hann. Loks hefur svo komið fram sú tillaga að gera skömmtunarseðlana í þeim vöruflokkum, þar sem vörur eru skammtaðar, að innflutningsheimild og veita innflytjendum innflutningsleyfi eftir því, hve mörgum miðum þeir geta safnað. — Allar hafa þessar reglur til síns ágætis nokkuð, en líka allar sína galla, sem hér skal ekki farið út í að ræða frekar.

Í þessu frumvarpi er lagt til, að farið verði inn á þá leið að úthluta  $\frac{3}{4}$  af innflutningsmagninu eftir „kvóta“-reglunni, en nota þann  $\frac{1}{4}$ , sem eftir er, til að greiða fyrir nýum innflytjendum, leiðrétta misrétti og veita þeim auka innflutningsleyfi, sem hafa mesta sölu og þannig má ætla, að almenningur vilji helzt skipta við. Með því að flytja síðan inn heldur meira af skömmtunarvörum en skammtað er verður hægt að vinna upp nokkrar birgðir af þessum vörum í landinu og gefa landsmönnum þannig kost á að velja, hvar þeir vilja hafa sín viðskipti. Er með þessu reynt að hafa það bezta úr tillögum þeim, sem nefndar hafa verið hér að framan, en forðast ókosti þeirra.

Yfirstjórn fjárhagsráðs er nú, eins og kunnugt er, hjá ríkisstjórninni í heild, en ekki hjá neinu sérstöku ráðuneyti, eins og þó er venjan um flestar ríkisstofnanir. Þetta hefur orðið til þess, að sambandið á milli fjárhagsráðs og deilda þess annars vegar og ríkisstjórnarinnar hins vegar hefur ekki verið eins náð og æskilegt hefði verið og ríkisstjórnin hefur ekki fylgt með daglegum rekstri. Þá hefur þetta fyrirkomulag og reynzt þungt í vöfum, þegar fjárhagsráð hefur þurft undir ríkisstjórn að sækja, t. d. þegar um áfrýjun eða úrskurði hefur verið að ræða. Hefur þá jafnan orðið að kalla saman ríkisstjórnarfund, allir ráðherrarnir orðið að setja sig inn í málin og oftast tekið marga fundi að fá afgreiðslu, enda þótt um aðkallandi mál hafi verið að ræða. Í frumvarpinu er lagt til, að fjárhagsráð verði sett undir eitt ráðuneyti — viðskiptamálaráðuneytið — eins og tíðkast um slíkar stofnanir hjá mörgum nágrannaþjóðum okkar, en aðeins höfuðatriði borin undir ríkisstjórnina í heild, svo sem heildaráætlun um inn- og útflutning, áætlun um fjárfestingu og tilsvarendi meginatriði. Dagleg stjórn og minni háttar ákvarðanir allar verði aftur á móti í höndum þessa ráðuneytis. Þá er og lagt til, að innbyrðis samstarf deilda fjárhagsráðs verði fært í fastari skorður með því að gera fjárhagsráðsmennina að formönnum hinna einstöku deilda, sem allir stjórna þá hver sinni deild, leggja mál hennar fyrir sameiginlega fundi og undirbúa þau fyrir fundina. Viðskiptanefnd verður lögð niður, úthlutun leyfi falin embættismönnum eftir ákveðnum reglum, sem fjárhagsráð setur.

Á þennan hátt ætti að vera tryggt að framkvæmd þessara mála yrði betur kerfisbundin en áður, einfaldari og öruggari.

Kostnaður við störf fjárhagsráðs og deilda þess ætti einnig að geta lækkað nokkuð, ef þessi málsmeðferð yrði upp tekin, bæði vegna þess, að viðskiptanefnd verður lögð niður og störfin betur samræmd.

Aðrar breytingar frá núgildandi fjárhagsráðslögum, sem í frumvarpinu felast, eru flestar svo smávægilegar, að þær þarfnast ekki skýringa.

Það skal að lokum tekið fram, að hér eru ekki fluttar tillögur Alþýðuflokksins um skipun viðskiptamála. Ef hann væri einráður, mundu þessar tillögur vera allmikið öðruvísi. En hér er gerð tilraun til að sniða af núgildandi lögum nokkra agnúa, sem talið er til bóta að losna við og gera mundi framkvæmd laganna auðveldari og heppilegri.

Þó að ekki hafi náðst fullt samkomulag um frumvarpið í ríkisstjórninni og það þess vegna sé horið fram sem þingmannafrumvarp, er því ætlað að vera samkomulagstilraun, og er flm. fús að ræða allar breytingartillögur, er fram kunna að koma og stefna í sömu átt.